

Matra 1RS9001  
Rannís 990620099



Iðntæknistofnun

MATVÆLARANN SÓKNIR



## Framleiðsla á natrúumskertum matvælum



Matra 99:07  
Desember 1999

Guðmundur Örn Arnarson  
Óli Þór Hilmarsson  
Ólafur Reykdal

Matvælarannsóknir Keldnaholti  
Desember 1999

## Framleiðsla á nátríumskertum matvælum

*Greinargerð*

Guðmundur Örn Arnarson  
Óli Þór Hilmarsson  
Ólafur Reykdal

*Verkefni styrkt af RANNÍS  
Saltnotkun í matvælaiðnaði  
99-06200-99*

# Efnisyfirlit

---

Bls.

Ágrip	3
Formáli	4
1. Inngangur	5
2. Eiginleikar og hlutverk salts í matvælum	7
3. Aðferðir til að draga úr magni natríums í matvælum	11
4. Reglugerðir	16
5. Framleiðsla natríumskertra matvæla	18
6. Framleiðsluprófanir á natríumskertum matvælum	23
7. Saltinnihald matvæla	30
8. Aðferðir við saltmælingar	32
9. Samantekt og ráðleggingar	33
10. Heimildir	35
Viðauki I. Samsetning á saltblöndum með lágu natríuminnihaldi	39
Viðauki II. Niðurstöður heimildaleitar: Saltskert matvæli	40
Viðauki III. Birgjar fyrir saltblöndur	47

## Ágrip

Markmiðið með verkefninu var að stuðla að framleiðslu saltskertra (natríumskertra) matvæla á Íslandi. Tekin var saman greinargerð um samband saltneyslu og heilsu (sjá skýrslu Bryndísar Evu Birgisdóttur o.fl.). Þar kemur fram að með því að láta saltskert matvæli leysa hluta hefðbundinna saltaðra matvæla af hólmi, getur dregið úr tíðni háþrystings og þar með hjarta- og æðasjúkdómum og árangurinn yrði auknar lífslíkur og sparnaður í heilbrigðiskerfinu. Það hefur því efnahagslega þýðingu að auka framboð á saltskertum matvælum.

Gerð var úttekt á saltinnihaldi nokkurra matvæla á íslenskum markaði. Jafnframt prófuðu starfsmenn Matra hraðvirka aðferð til saltmælinga en hún gæti hentað í fyrirtækjum. Á meðal þess sem kom í ljós var að stór hluti af kryddblöndum getur verið matarsalt.

Teknar voru saman upplýsingar um leiðir til að draga úr saltinnihaldi matvæla og eru þessar helstar: 1. Nákvæm stjórn á magni og gerð salts. 2. Notkun krydds í stað hluta saltsins. 3. Notkun á blöndum af natríum, kalíum og magnesíum klóríðum og magnesíum súlfati.

Framleiðsluprófanir beindust að natríumskertum vínarpylsum, skinku og brauðvörum og voru unnar hjá Kjötumboðinu og Sveinsbakaríi. Framleiðsla á natríumskertum brauðvörum með saltblöndum gekk vel og eru brauðvörur vafalítið sá flokkur matvæla sem gefur fyrirheit um mestan og skjótastan árangur. Hægt var að minnka matarsalt í heilhveitibrauði um 17% án þess að bragðbreytingar yrðu greinilegar en það nægði ekki til að kalla mætti brauðið saltskert. Með því að nota blöndu af kalíum klóríði og natríum klóríði var hægt að minnka saltið (þ.e. natríum klóríð) um 40%. Þetta brauð líkaði ágætlega en við svona mikla breytingu er hætta á að eiginleikar brauðsins breytist.

Erfiðara var að framleiða saltskertar kjötvörur en þó tókst að framleiða saltskertar vínarpylsur og skinku með fullnægjandi bragði og áferð. Hægt var að framleiða saltskertar vínarpylsur með því að nota blöndu af kalíum klóríði, natríum klóríði og fleiri söltum. Með þessu móti tókst að helminga natríum í vínarpylsunum. Einnig tókst að framleiða saltskerta brauðskinku. Gæta þurfti þess að geymsluþol og aðrir eiginleikar skertust ekki. Við framleiðslu á kjötvörum kom í ljós að magnesíum-sambond í saltblöndum geta spilt fyrir framleiðslunni og mikilvægt er að skerða ekki geymsluþolið.

Það er því ljóst að matvælaiðnaðurinn getur lagt fram drjúgan skerf til þess að draga úr saltneyslu landsmanna. Minni saltneysla getur bætt heilsu og stuðlað að sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Framleiðsluprófanirnar auðvelda íslenskum fyrirtækjum hagnýtingu á afrakstri verkefnisins og getur það nýst matvælaiðnaðinum í heild sinni.

## Formáli

Verkefnið „Saltnotkun í matvælaiðnaði“ var unnið á árinu 1999 hjá Matvælarannsóknum Keldnaholti (Matra) og Rannsóknarstofu í næringarfræði við Háskóla Íslands. Teknar voru saman upplýsingar um framleiðslu á salteskertum (natrúumskertum) matvælum og síðan voru gerðar framleiðsluprófanir í matvælafyrirtækjum. Þessi vinna var undirbúin með því að taka saman greinargerð um samband saltneyslu og heilsu. Saltinnihald matvæla var einnig kannað.

Ólafur Reykdal hjá Matra var verkefnisstjóri og sá hann um skipulagningu, samskipti og skýrslugerð. Guðmundur Örn Arnarson matvælafræðingur hjá Matra vann við heimildaöflun, samantekt og skýrslugerð. Óli Þór Hilmarsson kjötiðnaðarmeistari hjá Matra vann við framleiðsluprófanir á natrúumskertum kjötvörum. Irek Klonowski matvælaverkfræðingur var til ráðgjafar einkum varðandi bökunarvörur. Samstarfsfyrirtæki voru Kjötumboðið og Sveinsbakarí en hjá þessum fyrirtækjum fóru fram framleiðsluprófanir á kjötvörum og brauðum. Bryndís Eva Birgisdóttir og Björn Sigurður Gunnarsson hjá Rannsóknarstofu í næringarfræði tóku saman greinargerð um samband saltneyslu og heilsu og hafði Inga Þórssdóttir, prófessor, faglega umsjón með þeirri vinnu. Greinargerðin um samband saltneyslu og heilsu er birt í sérstakri skýrslu (Bryndís Eva Birgisdóttir o.fl., 1999).

Verkefnið var styrkt af Tæknijsjóði Rannsóknarráðs Íslands og Framleiðnisjóði landbúnaðarins en Matra stóð einnig undir hluta kostnaðar. Kjötumboðið og Sveinsbakarí lögðu til aðstöðu og hráefni til framleiðsluprófana. Við færum Bergþóru Þorkelsdóttur og Nínu Kristinsdóttur hjá Kjötumboðinu og Hjálmarí E. Jónssyni hjá Sveinsbakarí bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Einnig fá Sigurður Jakob Halldórsson hjá Íslenskum sjóefnum hf. og Svavar Ólafsson hjá Valdimar Gíslasyni - Íspakk bestu þakkir fyrir upplýsingar og salt til prófana.

## 1. Inngangur

### Matarsalt og heilsa

Í manneldismarkmiðum Manneldisráðs Íslands segir að æskilegt sé að neysla fólks á matarsalti (nátrúum klóríði) sé undir 8 grömmum á dag (Manneldisráð Íslands, 1994). Markmiðin eru byggð á nýjustu rannsóknum í næringarfræði, heilsufari þjóðarinnar og framleiðsluháttum í landinu. Markmiðin eru sett í þeim tilgangi að stuðla að æskilegri þróun á mataræði þjóðarinnar.

Algengt er að fólk fái 10-12 grömm af salti úr fæðunni daglega (Sandström o.fl., 1996) og neysla margra einstaklinga er talsvert meiri. Meira en helmingur af nátrúum í fæðu kemur úr tilbúnum matvælum, svo sem brauði, morgunkorni, osti, pakkasúpum og öðrum tilbúnum réttum (Manneldisráð Íslands, 1994). Ýmsar kryddblöndur og hjálparefnablöndur sem notaðar eru í matvælaiðnaði geta verið að stórum hluta salt. Ljóst er að þátttaka matvælaiðnaðarins skiptir sköpum þegar leitast er við að draga úr saltneyslu þjóðarinnar.

Mikil neysla nátrúums getur átt þátt í að auka háþrýsting. (Manneldisráð Íslands, 1994; Sandström o.fl., 1996; Commmittee on Diet and Health, 1989). Of hár blóðþrýstingur eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum og er meðal helstu áhættuþáttta þessara sjúkdóma. Talið er að 15-20% fullorðinna Íslendinga hafi háþrýsting. Erfðir skipta hér máli og eru sumir einstaklingar viðkvæmari en aðrir. Um þriðji hver Íslendingur er kominn með of háan blóðþrýsting um sextugt og er ástæðan öðru fremur of mikil saltneysla frá unga aldrí. Hægt er að lækka blóðþrýsting margra, en ekki allra, háþrýstingssjúklinga með saltsnauðu/saltlitlu fæði. Ef blóðþrýstingur er í hærra lagi er skynsamlegt að minnka við sig saltneyslu. Samkvæmt þessu væri um fimmtungi þjóðarinnar ráðlegt að spara saltið (Laufey Steingrímsdóttir, 1982).

Bæði nátrúum og kalíum gegna mikilvægu hlutverki í líkamanum. Á seinni árum hafa nokkrar rannsóknir sýnt að kalíum í fæðu getur haft áhrif til lækkunar á blóðþrýstingi (Suter, 1998). Það er því ástæða til að beina athyglinni að notkun kalíumsalta til íblöndunar í matvæli.

### Salt í matvælum

Meðal helstu breytinga í matvælaiðnaði síðasta áratuginn er mjög aukin framleiðsla á „léttum vörum“, þ.e. vörum með verulega skertu sykur-, fitu- eða saltinnihaldi. Þessi þróun hefur fyrst og fremst orðið vegna vaxandi áhuga neytenda á hollri næringu. Sykur- og fituskertar vörur eru mjög vel þekktar á Íslandi en þróun varðandi saltskertar vörur er skammt á veg komin.

Matarsalt (nátrúum klóríð) geginir mikilvægu hlutverki í matvælum. Það er bragðgjafi, bindur vatn og geginir oft lykilhlutverki við að lengja geymsluþol. Það er því ástæða til að fara varlega þegar saltnotkun er breytt í matvælaiðnaði. Þegar kalíum klóríð er notað í stað venjulegs salts koma upp vandamál vegna bragðgalla. Því hefur verið reynt að nota blöndur úr nátrúum, kalíum og jafnvel magnesíum klóríði og er þá gjarnan talað um lágnatríum salt. Erlendis hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á notkun saltblanda í ýmis matvæli með misjöfnum árangri.

Til eru einkaleyfi á saltblöndum sem geta komið í stað venjulegs salts. Flestar þessar blöndur innihalda natrium klóríð og kalíum klóríð og síðan efni til að draga úr beisku eftirbragði (Pszczola, 1997). Þessar blöndur geta reynst mjög misjafnlega eftir samsetningu varanna sem þær eru notaðar í.

### **Staðan á Íslandi**

Í Íslenska gagnagrunninum fyrir efnainnihald matvæla (ÍSGEM) eru skráðar upplýsingar um saltinnihald. Bestar upplýsingar eru til fyrir kjötvörur en úttektir á saltinnihaldi þeirra hafa verið gerðar 1996, 1990 og 1983. Þessar úttektir benda til að meðalsaltinnihaldið hafi lítið breyst en talsverður munur kemur fram eftir fyrtækjum og landshlutum. Upplýsingar fyrir aðra flokka matvæla eru takmarkaðri og erfitt er að átta sig á því hversu breytilegt saltinnihaldið er. Margir neytendur hafa látið í ljós þá skoðun að algeng matvæli séu of sölt. Gildi fyrir salt í gagnagrunninum virðast renna nokkrum stoðum undir þessi sjónarmið og má sem dæmi nefna brauðvörur og snakkvörur. Þegar borið er samið við erlend gildi kemur í ljós að fyrir vissar vörur eru íslensku gildin fyrir salt hærri en þau erlendu.

Mest þróunarstarf hefur verið unnið innan kjötiðnaðarins en það hefur samt ekki skilað saltskertum afurðum á markað. Lítið hefur verið litið á saltinnihald algengra matvæla eins og brauða þótt þau vegi þungt í neyslunni.

Framleiðsla á lágnatríum salti (41% NaCl og 41% KCl) hefur farið fram á Reykjanesi. Það hefur gengið undir heitinu Eðalsalt og verið á markaði frá haustinu 1994. Eðalsalt fæst í neytendapakkningum í mörgum matvöruverslunum. Matvælafyrirtæki kaupa nú Eðalsalt í auknum mæli til framleiðslu sinnar. Prófanir á Eðalsalti hafa skilað góðum árangri við söltun á fiski. Reiknað er með því að framleiðsla á lágnatríumsalti hjá Íslenskum sjóefnum hf. á Reykjanesi verði aukin á næstunni.

## 2. Eiginleikar og hlutverk salts í matvælum

### 2.1 Salt er ekki bara salt

Salt er mjög misjanflega hreint. Venjulegt matarsalt er yfirleitt yfir 99% natríum klóríð ( $\text{NaCl}$ ) en önnur efni í því eru steinefni eins og kalsíum- (kalk) og magnesíum-klóríð og súlföt. Einnig finnst eitthvað af málmum eins og kopar og járni í salti. Magn þessara efna getur verið breytilegt frá einum framleiðanda til annars.

Sumt salt er einnig joðbætt en joð er nauðsynlegt næringarefni sem hentar vel að blanda í matarsalt. Það fer eftir landsvæðum hvort þörf er talin á því að joðbæta salt, því joðskortur er fágætur þar sem sjávarfiska er neytt. Hans verður einkum vart í miðhluta heimsálfa eins og S-Ameríku, fjarri sjó (Potter, 1986).

Kornastærð saltsins er einnig mjög mismunandi og skiptir oft miklu máli fyrir notandann. Hægt er að búa til mjög fínkornótt salt, en meiri líkur er á að nota þurfi aukefni (kekjkavarnarefni) til að bæta flæðiseiginleika slíks salts.

Í vatni leysist  $\text{NaCl}$  upp í  $\text{Na}^+$  og  $\text{Cl}^-$  jónir. Natríum er léttara en klór þannig að þó að þessar jónir séu í jöfnum hlutföllum í matarsalti, er aðeins um 40% af þyngd saltsins natríum og því eru 400 g af natríum og 600 g af klór í 1 kg af salti.

#### Skýringar á nokkrum hugtökum.

**Salt.** Með salti er hér átt við venjulegt matarsalt eða natríum klóríð. Á máli efnafræðinnar er salt notað um mörg fleiri hliðstæð sambönd, svo sem kalíum klóríð, magnesíum klóríð og magnesíum súlfat.

**Matarsalt** er natríum klóríð.

**Natríum** er sá hluti (matar)salts sem hefur óæskileg áhrif á heilsu.

**Saltblöndur.** Hér er átt við blöndur ýmissa salta sem notuð eru í matvæli. Þessar blöndur eru seldar undir vöruheiti framleiðanda og eru hlutföll einstakra salta mjög mismunandi. Dæmi: 1) Blanda kalíum klóríðs og natríum klóríðs. 2) Blanda kalíum klóríðs, natríum klóríðs og magnesíum súlfats.

**Saltskert matvæli.** Samkvæmt reglugerð um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla nr. 588/1993 kemur fram að heimilt sé að merkja vöru saltskerta þegar saltinnihald er skert um 25% eða meira en í hefðbundu magni í samskonar eða sambærilegri vöru.

**Natríumskert matvæli** er notað í sömu merkingu og saltkert matvæli hér að framan. Með þessu er lögð áhersla á að verið er að lækka natríuminnihaldið en í þeim tilgangi eru oft notaðar lágnatríum saltblöndur.

**Lágnatríum saltblöndur** eru blöndur salta þar sem m.a. kalíum og magnesíum koma í stað natríum að hluta eða að öllu leyti.

## 2.2 Áhrif salts á bragð

Flestir þekkja af eigin reynslu hversu mikil áhrif salt getur haft á bragð af matvælum. Fyrir utan að gefa hið vel þekkta saltbragð getur það meðal annars dempað beiskt og súrt bragð. Þessi áhrif eru fyrst og fremst bundin við natrúumhluta saltsins (Pszczola, 1997). Sem dæmi um þetta má nefna að vatnslausrir með sætum og beiskum bragðefnum bragðast sætari þegar þær innihalda dáltíð salt en án þess.

Salt getur einnig verið burðarefni fyrir bragðefni, krydd, steinefni og vítamín í matvælum og jafnar það þá dreifingu þeirra í vörunni eða minnkar magnið af salti sem þarf að nota með því að innleiða meira af bragðefni í vöruna (Pszczola, 1997).

## 2.3 Hvernig er salt framleitt?

Matarsalt eða natrúumklóríð ( $\text{NaCl}$ ) finnst mjög víða í náttúrunni. Það er ýmist unnið með uppgufun á sjó eða söltum uppsprettum, eða með því að grafa það úr jörðu úr saltnánum sem urðu til þegar jarðfræðilegar breytingar gerðu firði og flóa að stöðuvötnum sem síðan þornuðu upp og skildu eftir sig saltið. Úthöfin innihalda um 2,6%  $\text{NaCl}$  eða 26 kílógrömm í hverjum rúmmetra. Við ættum því ekki að verða uppiskroppa með salt á næstunni.

Heimsframleiðsla á salti undanfarin ár hefur verið í kring um 200 milljón tonn og vaxið hægt undanfarin 3-4 ár. Mest er unnið í Bandaríkjunum, Kína, Þýskalandi og Kanada, eða um helmingur heimsframleiðslunnar. Meirihluti alls salts fer í afísun á malbikuðum götum í kaldari heimshlutum.

Fjórar mismunandi aðferðir eru notaðar til að vinna salt. Allar byggja þær þó á sömu grundvallaratriðunum, þurrkun eða námavinnslu (Vefsíða Salt Institute, [www.saltinstitute.org](http://www.saltinstitute.org)):

### *Sólþurrkun á sjó*

Sjávarsalt er framleitt með því að sólþurrka sjó í stórum tjörnum. Þegar vatnið gufar upp úr tjörnum eykst styrkur steinefnanna og  $\text{NaCl}$  byrjar að falla út þegar pækillinn er orðinn fullmettaður við 25,8% styrk. Þegar meirihluti saltsins hefur fallið út og styrkur annarra efna er orðinn svo mikill að þau fara að kristallast er pæklinum hent og nýr fullmettaður pækill tekur við eða saltið er látið þorna alveg á tjarnarbotninum. Saltinu er síðan safnað saman og það þvegið með sterkri saltlausn til að fjarlægja óhreinindi eins og kalsíum, magnesíum og súlfat. Eftir hreinsunina getur saltið verið allt að 99,7% hreint  $\text{NaCl}$ . Þessi aðferð er líklega með umhverfisvænni aðferðum við að vinna salt (Vefsíða Salt Institute, [www.saltinstitute.org](http://www.saltinstitute.org)).

### *Saltbrunnar*

Hreinu vatni er dælt í gegnum göng sem boruð eru niður að jarðlögum þar sem salt er að finna og vatnið látið leysa saltið upp. Pæklinum er síðan dælt aftur upp og hann annaðhvort notaður sem pækill í efnavinnslu eða vakúmþurrkaður og búið til þurrt salt.

### *Vakúmþurrkun (þurrkun við undirþrýsting)*

Borðsalt er dæmigert fyrir hið finkornóttu salt sem fæst með vakúmþurrkun á pækli. Næstum því allt matarsalt sem selt er í Bandaríkjunum er þannig framleitt. Oft er pækillinn meðhöndlaður fyrir þurrkun til að fjarlægja efni sem valda „scaling“ í þurrkurunum og hafa áhrif á hreinleika saltsins. Hér er aðallega um að ræða uppleyst

kalk (kalsíum), magnesíum og súlfat. Undanfarna áratugi hefur mikil áhersla verið lögð á að minnka orkunotkun í þessari vinnslu og hefur það skilað miklum árangri. Eitt fyrirtæki á Íslandi hefur tekið þessa aðferð í þjónustu sína og þurrkar heitan sjó sem dælt er upp úr gegndræpum jarðlögum á Reykjanesi. Þetta fyrirtæki er Íslensk sjóefni hf. og framleiðir það bæði hefðbundið matarsalt og saltblöndu sem ber nafnið Eðalsalt og inniheldur NaCl og KCl í jöfnum hlutföllum auk MgCl<sub>2</sub> og MgSO<sub>4</sub>. Þegar þetta er skrifað liggur framleiðslan niðri en búist er við því að saltframleiðsla verði í gangi á næstunni.

### Náma vinnsla

Mjög mikið af salti er unnið úr nánum. Saltlögin í jarðskorpunni urðu til þegar firðir eða flóar lokuðust og sjórinn gufaði upp og skildi eftir sig saltið. Þetta salt er kallað „rock salt” og er mest notað til að afísa vegi.

### Sjávarsalt

*Framleiðsla.* Hefðbundið sjávarsalt er framleitt með því að sólpurrka sjó í stórum tjörnum. Hafið inniheldur um það bil 3,5% uppleyst steinefni, þar af um 2,7% natríumklóríð (NaCl). Afgangurinn (0,8%) er aðallega kalsíum (Ca<sup>++</sup>), magnesíum (Mg<sup>++</sup>) og súlfatjónir (SO<sub>4</sub><sup>-</sup>).

*Notkun.* Sjávarsalt er langmest notað til að endurnýja vatnsmýkingarbúnað þar sem slíks er þörf. Vinnsluaðferðin fyrir sjávarsalt veldur því að saltkristallarnir verða yfirleitt frekar stórir og því er notkun í matvælaiðnaði oft bundin við vörur þar sem saltið á að vera gróft, t.d. utan á saltstangir og „pretzels”. Samt er vel hægt að mala það smærra og eru til ýmsar gerðir af fínkornóttu sjávarsalti (Pszczola, 1997).

### Hver er munurinn á sjávarsalti og „venjulegu” salti?

Vegna kristallabyggingar sinnar virðist sjávarsalt sindra við ákveðna birtu, en efnafræðilega er næstum enginn munur á því og venjulegu matarsalti að öðru leyti en því að sjávarsalt er venjulega ekki meðhöndlað með kekkjavarnarefnum og er síður þörf á því, þar sem kristallarnir eru stærri. Einnig er sjávarsalt að sumu leyti framleitt á umhverfisvænan hátt, þ.e. með því að nota sólarorkuna (Pszczola, 1997).

## 2.4 Hlutverk salts í matvælum

Matarsalt geginn margvíslegu hlutverki í matvælum. Fyrir utan að hafa sérstakt bragð hefur það ýmsan tæknilegan tilgang sem skiptir oft meginmáli fyrir lokaafurðina. Þess vegna eykst saltmagn oft í vörum eftir því sem þær eru unnar meira.

### Bragð

Salt virðist, auk þess að gefa saltbragð, hafa áhrif á annað bragð af matnum (Reddy og Marth, 1991). Þessi áhrif eru fyrst og fremst bundin við natríumhluta saltsins. Sem dæmi má nefna að blöndur með sætu og beisku bragði bragðast sætari þegar þær innihalda dálítíð salt en án þess. Þetta gerir það að verkum að erfitt er að finna efni sem koma í staðinn fyrir salt án þess að hafa neikvæð áhrif á bragð.

### Heftir örveruvöxt

Salt hindrar vöxt örvera með því að skapa þeim erfiðar aðstæður til vaxtar í matvælum. Það bindur vatn og breytir þannig osmótískum þrýstingi milli örverunnar og umhverfis hennar á þann hátt að hún á erfiðara með að nýta sér það vatn sem er til staðar í matvælum (Adams, 1995).

## Áferð

Salt hefur mikil áhrif á áferð (texture). Í brauði styrkir það glútenið í deiginu og gerir því fært að halda í meira af vatni og því koldíoxíði sem gersveppirnir framleiða. Þannig getur brauðið þanist út án þess að rifna (Reddy og Marth, 1991; Salovaara, 1982). Það bætir einnig áferð saltaðra kjötvara eins og skinku með því að hjálpa prótínum þess að bindast vatni. Það hefur einnig áhrif á stífleika osta og áferð ýmissa annarra vara s.s. súrsaðs grænmetis (Reddy og Marth, 1991).

## Binding

Salt hjálpar til við að draga út prótín í unnum eða formuðum kjötvörum sem binda saman aðliggjandi hluta af kjötinu. Vatnsbinding eykst við þetta og þannig tapast minna vatn við matreiðslu. Í pylsugerð hjálpa prótín sem leysast aðeins upp í saltlausnum til við að binda saman fitu, kjöt og vatn (Arganosa og Marriott, 1990).

## Stjórnun gerjunar

Í bökuðum vörum stjórnar salt gerjun með því að halda aftur af starfsemi gersveppanna. Þetta er sértaklega mikilvægt þegar búa á til einsleita vörum. Salt getur einnig haft áhrif á það hvaða örverur það eru sem taka þátt í gerjuninni því þær eru misþolnar gagnvart salti (dæmi: súrsað hvítkál (sauerkraut)) (Adams, 1995).

## Myndun litarefnis

Þegar salt er notað með sykri og nítríti tekur það þátt í að mynda lit í kjötafurðum sem neytendum finnst aðlaðandi. Þessi litarmyndun getur einnig dregið úr því ljósi sem kemst inn í kjötið og þannig hægt á þránun. Salt eykur líka á gylltan/brúnun lit brauðskorpu með því að draga úr eyðingu syrka í deiginu sem auka brúnunarhvörf við bökun (karmeliseringu).

Að öllu þessu þarf að huga þegar draga á úr salti (natríum klóríði) í matvælum eða skipta því út fyrir önnur sölt.

### 3. Aðferðir til að draga úr magni natriúms í matvælum

Þegar ætlunin er að draga úr salti í unnum matvælum þarf að huga að ýmsu. Hér verður minnst á nokkrar leiðir sem eru færar, en þess ber að geta að huga þarf að því hvaða hlutverki saltið gegnir í viðkomandi matvæli, því ekki dugir að fjarlægja saltið án þess að setja eitthvað í staðinn sem gegnir hlutverki þess. Í sumum tilfellum er einungis um bragðhrif að ræða, en í öðrum tilfellum hefur saltið einhverja virkni sem hefur mikilvæg áhrif á lokaafurð.

#### 3.1 Fá meira út úr saltinu

Þetta er hægt með því að vanda valið á salti, huga að því hvernig það er notað og stjórna því nákvæmlega. Hér getur í sumum tilfellum verið ráðrúm til að minnka saltmagn umtalsvert.

#### Stærð og kristalbygging

Ef við erum með vöru þar sem saltið er ekki uppleyst, skiptir stærð og bygging saltkristalla máli fyrir saltbragðið. Ef saltið leysist hratt upp gefur það sterkara saltbragð fljótt og örugglega. Það hversu hratt salt leysist upp fer eftir stærð og yfirborðsflatarmáli saltkornanna. Ef saltkornin eru helminguð í stærð (þvermál) eykst yfirborðsflatarmál þeirra tvöfalt. Ef saltið er í flögum (*flake*) hefur það helmingi meira yfirborðsflatarmál en venjulegt saltkorn (*granulated*), og ef það er hrufótt (*dendritic*) hefur það tvöfalt meira yfirborð. Þetta skiptir máli ef saltið er notað þurrt í vörunda, t.d. í snakki (Bravieri, 1983).

#### Hreinleiki

Leifar af söltum eins og  $\text{CaCl}_2$ ,  $\text{MgCl}_2$  og  $\text{MgSO}_4$  sem oft finnast í salti eru beisk ein sér, en geta aukið saltbragð þegar þau eru til staðar í litlum mæli. Ef magn þessara efna í saltinu er misjafnt milli sendinga getur það haft áhrif á saltbragðið. Það getur því skipt miklu máli hversu hreint saltið er (Bravieri, 1983).

Einnig geta óhreinindi í salti, t.d. járn og kopar, haft hvetjandi áhrif á oxun ómettaðrar fitu og þannig stuðlað að þrúnun. Mikilvægt er því að nota vel hreinsað salt í feitar vörur eins og t.d. salatsósur og smjör.

Dæmi um rétt val á stærð og kristalgerð salts (Bravieri, 1983):

- ✓ Mylsnur/soffur (breadings/batters): Salt leysist oft ekki alveg upp í eldaðri mylsnu og því þarf sérstaklega línt salt til að tryggja að það leysist hratt upp. „Flour salt” (70-200 mesh) eða „Extra fine” (200 mesh).
- ✓ Tertuhjúpar/krem (icings/creams): Saltið leysist oft ekki alveg upp og er þar að auki hulið fitu. Þetta getur valdið því að áferð verður kornótt sem er ekki æskilegt. 200 mesh.

- ✓ Kartöfluflögur og annað nasl: Saltið þarf að leysast hratt upp en vera nægileg stórt til að koma í veg fyrir að fitan hjúpi það um of. Því er mælt með hrufóttu salti (dendritic).
- ✓ Maíslögur (tortillaflögur): Þar sem þær eru þurrari en margt hefðbundið snakk og hafa lítið af yfirborðsolíu er mælt með fínkornóttu salti til að flýta fyrir leysni og tryggja að saltið haldist á snakkinu.
- ✓ Kexkökur (crackers): Saltkristallarnir þurfa að vera nægilega þungir til að hanga á yfirborði deigsins sem er fremur þétt í sér. Þeir þurfa einnig að leysast sæmilega hratt upp og því er mælt með flöguforminu (flake).
- ✓ Salatsósur: Saltið þarf að vera mjög hreint, ekki bara til að tryggja jafnt saltbragð og koma í veg fyrir að óæskilegar agnir sjáist t.d. í majónesi heldur vegna þess að óhreinindi geta stuðlað að þrúnun, sér í lagi járn og kopar sem eru í örlitlu magni í salti.

### 3.2 Krydd

Annar möguleiki er að bæta við kryddjurtum í staðinn fyrir allt salt eða aðeins hluta þess. Þetta er gert til þess að bæta upp það tap á bragðgæðum sem óhjákvæmilega fylgir saltskerðingunni. Krydd sem hafa verið notuð í stað salts (en gefa þó ekki saltbragð) til að auka bragð eru m.a.:

- Cayennepipar
- Laukduft
- Hvítlauksduft
- Basilíka
- Svartur pipar
- Majoram
- Timían (blóðberg)
- Estragon
- Steinselja
- Salvía
- Sar (savory)

Bragðaukandi efni eins og einnatriúumglútamat (MSG) og lýsínhydróklóríð geta einnig bætt upp fyrir þau bragðgæði sem tapast við það að salt er fjarlægt. Notkun slíkra efna mælist þó misjafnlega vel fyrir hjá neytendum, enda þykja þau ekki falla að ímynd saltskertra vara.

Hafa ber í huga að salti hefur oft verið bætt í kryddblöndur, ýmist til að bæta bragðið af þeim eða drýgja þær. Framboð virðist hafa aukist nýverið á saltfríum kryddum. Þetta ættu kjötframleiðendur sem hafa hug á að framleiða natríumskertar vörur að hafa í huga.

### 3.3 Saltblöndur

Vegna þess að öll þau efni sem prófuð hafa verið í staðinn fyrir salt hafa gefið beiskt eða óæskilegt bragð eru venjulega notaðar blöndur af matarsalti ( $\text{NaCl}$ ) og kalíumklóríði ( $\text{KCl}$ ) eða öðrum söltum eins og magnesíumsúlfati ( $\text{MgSO}_4$ ) eða magnesíumklóríði ( $\text{MgCl}_2$ ). Þannig minnkum við natríum í matvælum. Gjarnan er bætt í saltblöndurnar eftir fæðutegundum (Morton International, 1994). Í

Venjulega getur  $\text{KCl}$  komið í stað allt að 50% upphaflegs matarsalts í matvælum en þetta hámark er þó breytilegt eftir fæðutegundum (Morton International, 1994). Í

skynmatstilraunum finna neytendur oft engan mun á sýnishornum með KCl og án KCl þótt þjálfaðir dómarar finni mun.

### Gallar:

- ✓ Biturt / málmennt bragð getur komið fram (sumir tala um „medicine like aftertaste“).
- ✓ Saltblöndur eru dýrari en matarsalt.
- ✓ Önnur efni en NaCl hafa stundum aðra teknilega eiginleika og notkun þeirra krefst því oft nokkurrar vörupróunar.
- ✓ KCl gefur minna saltbragð en NaCl.

### Kostir:

- ✓ K getur komið í stað Na varðandi ýmsa eiginleika aðra en bragð.
- ✓ KCl getur lækkað vatnsvirkni eins og NaCl og þannig lengt geymsluþol.
- ✓ KCl dregur úr þránun en NaCl eykur hana.
- ✓ KCl hefur sömu áhrif á vatnsbindingu og áferð eins og NaCl (Gumpen, 1985; Morton International, 1994).

Reynsla sumra framleiðenda er sú að aðeins einstaklingar sem eru á natríumskertu fæði að læknisráði eða hafa mjög sterkan vilja til að minnka salt í fæði sínu kaupa **stöðugt** natríumskert matvæli. Þó hafa fleiri og fleiri salt- eða natríumskert matvæli verið að koma á markaði ytra og saltmagn í algengum matvörum verið að minnka (Dunaif, 1986).

Ýmis sölt hafa verið skoðuð með það fyrir augum að nota þau í staðinn fyrir salt að einhverju eða öllu leyti. Helst eru þetta ýmis klóríð, s.s. kalíumklóríð (KCl), magnesíumklóríð ( $MgCl_2$ ), kalsíumklóríð ( $CaCl_2$ ) og magnesíumsúlfat ( $MgSO_4$ ), en þau eru öll mjög beisk, KCl og kalíumsúlfat ( $K_2SO_4$ ) eru beisk og hafa lítið saltbragð og ammóníumklóríð ( $NH_4Cl$ ) hefur einnig fremur lítið saltbragð og er óstöðugt. Bestur árangur hefur náðst með því að skipta NaCl út að hluta til með KCl og öðrum efnum s.s.  $CaCl_2$  og  $MgSO_4$ .

Eins og áður segir hafa ammóniumsölt dálítið saltbragð, t.d.  $NH_4Cl$ . Í einkaleyfi (US 5,494,689) er greint frá því að húðað (encapsulated) ammóníum salt geti aukið saltbragð af matvöru sem inniheldur minna en venjulegt magn NaCl. Húðunin er þá notuð til að gera saltið stöðugra.

Með því að bæta kryddi í matvæli er hægt að hafa áhrif á beiskt bragð af KCl (Morton International, 1994). Pipar, anís, kanel, engifer, rósmarín, vanilla og ger draga úr beisku bragði frá KCl. Allrahanda, dill, óreganó o.fl. auka aftur á móti beiskt bragð. Hvítlaukur hefur lítil áhrif.

Ágætur árangur hefur náðst í notkun sumra saltblandna, sérstaklega þar sem vinna var lögð í að þróa vöruna **með** heilsusaltinu, en verr hefur gengið þegar skipt er um salt og engu breytt. Best hefur gengið með brauð og kjötvörur, en erfiðara er að eiga við osta eða snakk eins og t.d. kartöfluflögur.

Sumar rannsóknir hafa einnig sýnt að þeir sem salta matinn sinn með NaCl / KCl blöndu nota ekki meira af blöndunni en NaCl (Reddy og Marth, 1991).

### **Samsetning saltblandna**

Flestar saltblöndur sem við höfum séð innihalda talsvert magn af NaCl (frá 33% upp í 57%) og yfirleitt jafn mikið eða aðeins minna af KCl (frá 28% upp í 50%) og oft magnesíumsölt ( $MgSO_4$  og/eða  $MgCl_2$ ). Magnesíumsúlfat hefur þann kost fram yfir magnesíumklóríð að það er ódýrara og er ekki eins rakadrægt, og geymist því betur.

Oft er einnig bætt í blöndurnar efnum til að hylja beiska bragðið af söltunum s.s. amínósýrum eins og lýsíni eða glútamic síru (sem MSG), gerextrakti, kalsíum og magnesíum formati og sítrati eða sykru. Sumir hafa notað fosfat til að auka vatnsbindingu í kjötvörum. Fosfat myndar torleysanlegan flóka með  $Mg^{2+}$  sem er í mörgum af þeim saltblöndum sem notaðar eru. Þannig getur magnesíum dregið verulega úr virkni fosfatsins í unnum kjötvörum og gert vinnslu þeirra vara þar sem skurðfesta og binding skipta miklu máli mun erfiðari en ella (a.m.k. dregið mjög úr því vatni sem hægt er að binda með fosfati). Einnig er að finna kekkjavarnarefní í flestum þessara salta. Hér er þó möguleiki á að aukefnanotkun falli ekki að ímynd vörunnar.

Í töflunni hér að neðan eru taldir upp nokkrar saltblöndur og salttegundir sem eru á markaði hérlandis og víðar og hlutföll hvers salts í þeim (þyngdarprósentur).

**Tafla 3.1 - Nokkrar saltblöndur og matarsalt.**

Heiti Framl. / dreifing	% NaCl	% KCl	%CaCl <sub>2</sub>	%MgSO <sub>4</sub>	Annað
<b>Eðalsalt</b> Íslensk sjóefni hf. s: 421 6975	41%	41%		3%	17% Magnesíum-sambönd (14% $MgCl_2 \cdot 6H_2O$ + 3% $MgSO_4 \cdot H_2O$ )
<b>Reykjanes-salt</b> Íslensk sjóefni hf.	99,60%		0,10%		0,02% CaSO <sub>4</sub>
<b>Pioneer Stensalt</b> <b>320432</b> Katla, s: 567 4422	99%				Rest: Ca, Mg, SO <sub>4</sub> .
<b>Biosal 66 EU</b> LTK-MAUSTE- PALVELU OY, Finnlandi Fax: (03) 5705 209	66,0%	31,0%			1,0% E620 1,0% hydrolyzed protein 1,0% E551 (anti caking)
<b>Kalíumklóríð</b> ÓJ&K s: 535 4000		99,5%			
<b>Lite salt</b> Morton Salt Fax: 312/807-2228	50%	50%			0,25% kekkjavarnarefni, $MgCO_3$
<b>Pansalt (Cardia)</b> Valdimar Gíslason – Íspakk s: 575 8000	57%	28%		12%	2% L-lysine sem hydroklóríð 1% E551 kísildíoxið

**Tafla 3.2 - Eðliseiginleikar og framleiðsla nokkurra salttegunda.**

Salt	KCl	NaCl	CaCl <sub>2</sub>
Mólþungi	74,55	58,44	111,0
Bræðslumark	776 °C	801 °C	782 °C
Sublimes / suðumark	1500 °C	1439 °C	1600 °C
Leysanleiki	>100 g/L	>100 g/L	
Eðlisþyngd	1,984	2,17	
Framleiðsla í USA 1986		44 milljónir tonna	700 000 tonn
Heimsframleiðsla 1997		201 milljón tonn	
Eftirspurn 1997	10,5 millj. tonna		
Vöxtur í heimsframleiðslu	2-3% á ári	1-2% á ári	1-2% á ári
Verð	\$70 (50-85) pr. tonn		\$210 (135-250) pr. tonn.

### 3.4 Athuga önnur efni en matarsalt

Ýmis önnur natriúumsolt en NaCl eru notuð við matvælavinnslu. Þau eru notuð til þess að búa til vörum sem hefur tilætlaða áferð, fyllingu, bragð eða öryggi. Það er því mikilvægt að skoða vel og vandlega uppskriftir þegar verið er að þróa natriúumskertar vörur. Til dæmis eru mörg bindiefni og rotvarnarefnir natriúumsolt. Dæmi um það eru natriúumsorbat (E201), natriúumfosföt (E450), natriúumsolt af fitusýrum (E470) og natriúumbíkarbónat (500 lyftiduft). Oft er hægt að nota kalíum, kalsíum eða magnesíumsolt í staðinn. Hér er þó venjulega ekki um mikið magn að ræða.

## 4. Reglugerðir

### 4.1 Ísland

#### Umbúðamerkingar

Upplýsingar um íslenskar reglugerðir á matvælasviði er hægt að nálgast hjá Hollustuvernd ríkisins og á vefsíðu hennar, <http://www.hollver.is/>.

Í reglugerð um **merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla** nr. 588/1993 kemur fram að heimilt sé að merkja vöru „*saltskert*” þegar saltinnihald er skert um 25% eða meira en í hefðbundu magni í samskonar eða sambærilegri vöru (36. gr.). Þetta ákvæði á einnig við um viðskeytið „skert” í öðru samhengi, eins og t.d. fituskert og sykurskert.

Fyrir matvæli sem innihalda viðbætt salt (NaCl) eða sem venjulega innihalda viðbætt salt er heimilt að sérmerkja umbúðir á eftirfarandi hátt (37. gr.):

- a) Magn skal gefið upp sem grómm (g) natrium í 100 g eða tilteknum skammti. Sú merking skal koma fram sem hluti af næringargildismerkingu samkvæmt reglugerð um merkingu næringargildis matvæla.
- b) Heimilt er að nota fullyrðinguna „*án viðbætts salts*” eða „*ósaltað*” ef hún er (i) ekki blekkjandi, (ii) notkun salts heimil í vörutegundinni og ekki gerð krafa um notkun þess, (iii) aðrar sambærilegar vörur innihalda salt og (iv) fullyrðingin hefur gildi fyrir neytendur.

Hvort sem matvæli innihalda viðbætt salt eða ekki má merkja á eftirfarandi hátt (37. gr.):

*“Lítíð salt”* ef magn natriums er innan við 120 mg í 100 g vöru.

*“Ekkert salt”* ef magn natriums er innan við 5 mg í 100 g vöru.

Í reglugerð um **merkingu næringargildis matvæla** nr. 586/1993 kemur fram að næringargildi er **skylt** að merkja þegar fullyrðing um næringarfræðilega eiginleika kemur fram í merkingu, kynningu eða auglýsingu. (4. gr.)

Pá skal merkt (9. gr.):

- Orka (kJ og kkal)
- Prótein (g)
- Kolvetni (g)
  - þar af sykur (g)
- Fita (g)
  - þar af mettaðar fitusýrur (g)
- Trefjar (g)
- Natríum (g)

Einnig er að finna í reglugerð um **kjöt og kjötvörur** nr. 302/1998 ákvæði um merkingu natríuminnihalds á umbúðir unninna kjötvara. Þetta ákvæði gildir þó ekki um hreinar kjötvörur, s.s. hakk og kjöt á beini.

## 4.2 Erlendis

Hér er aðallega stuðst við upplýsingar frá FDA í Bandaríkjunum. Algengasta viðmiðunin þar er hin svokallaða „serving” eða skammtur, en einnig er notast við hefðbundin skeiða- og bollamál. Notkun á grömmum og öðrum SI einingum hefur þó farið vaxandi og auðveldar það allan samanburð til muna. Eftirfarandi fullyrðingar mega koma fram á umbúðum í Bandaríkjunum ef tilgreindum markmiðum er náð. Athugið að þetta er ekki tæmandi úttekt á reglum um umbúðamerkingar vestra.

### Natríum (Na)

**Sodium-free:** Innan við 5 mg af natríum í hverjum skammti.

**Very low sodium:** 35 mg eða minna af natríum í hverjum skammti, eða ef skammturinn er 30 g eða minna eða 2 matskeiðar eða minna, þá er viðmiðunin 35 mg pr. 50 g af matvælinu.

**Low-sodium:** 140 mg eða minna af natríum í hverjum skammti, eða ef skammturinn er 30 g eða minna eða 2 matskeiðar eða minna, þá er viðmiðunin 140 mg eða minna í 50 g af matvælinu.

**Light in sodium:** að minnsta kosti 50% minna af natríum í hverjum skammti en tíðkast í ósaltskertum vörum.

**Lightly salted:** að minnsta kosti 50% minna natríum í hverjum skammti en í viðmiðunarvörum. (Ef varan er ekki „low sodium” þá þarf setningin „not a low-sodium food” að koma fram á sama svæði á vörunni og „Nutrition Facts” merkingin.)

**Reduced eða less sodium:** að minnsta kosti 25% minna af natríum en í viðmiðunarmatvæli.

**Unsalted, without added salt, no salt added:** Engu salti er bætt í vöruna við vinnslu og salt er venjulega notað í svipaðar eða sambærilega vörum. Ef matvælið er ekki „sodium free” verður fullyrðingin „not a sodium free food” að koma fram á sama svæði á umbúðum og „Nutrition Facts” merkingin.

### Kalíum (K)

**High-potassium:** 700 mg eða meira af kalíum í hverjum skammti.

**Good source of potassium:** 350 mg til 665 mg í hverjum skammti.

**More or added potassium:** að minnsta kosti 350 mg meira í hverjum skammti en er í viðmiðunarmatvæli.

### Kalk eða kalsíum (Ca)

**High-calcium:** 200 mg eða meira í hverjum skammti.

**Good source of calcium:** 100 mg til 190 mg í hverjum skammti.

**More or added calcium:** að minnsta kosti 100 mg eða meira í hverjum skammti en er í viðmiðunarmatvæli.

## 5. Framleiðsla natrúumskertra matvæla

Lyst fólks á salti virðist vera að hluta til meðfædd og að hluta til áunnin. Þannig má gera ráð fyrir að hægt sé að venja sig á að borða minna salt.

Í Bandaríkjunum eru fjölmargar saltskertar matvörur á markaði. Nefna má: Osta, brædda osta, kotasælu, smjör, matarís, hráverkaðar kjötvörur (cured meat products), pylsur og kornvörur (Reddy og Marth, 1991).

Í Finnlandi var árið 1979 var hleypt af stokkunum sérstakri áætlun sem miðaði að því að draga úr saltneyslu í Karelia héraði enda var tíðni hjarta- og æðasjúkdóma há á þessu svæði. Á síðustu 10 árum hefur saltinnihald algengra matvæla farið lækkandi en ekki þó nóg að mati heilbrigðisýfirvalda. Framboð á saltskertum matvælum í Finnlandi var kannað 1998. Í ljós kom fjölbreytt úrvall saltskertra matvæla, saltskertar afurðir fundust í flestum flokkum matvæla nema tilbúnum réttum og heilum kjötstykkjum. Í þessari könnun voru 50% varanna saltskert (pylsur, brauð, hrökkbrauð, viðbit og ostar). Finnar telja að matvælaiðnaðurinn þurfi að auka framboð á saltskertum matvælum og m.a. beina athyglinni að tilbúnum réttum (Nährinen, 1998).

Á næstu síðum eru teknar saman upplýsingar um framleiðslu á saltskertum matvælum en þeirra var aflað með sérstakri heimildaleit í erlendum gagnabönkum. Í Viðauka II eru töflur yfir helstu heimildir og ályktanir sem dregnar voru.

### 5.1 Bökunaryörur

Í brauðgerð á Íslandi er hefðbundin saltnotkun 25-35 g matarsalts á lítra af vökva. Talið er að ef farið sé undir 20 g/l verði deigið mjög viðkvæmt, t.d. varðandi hitastig, og hætta sé á að glútenmyndun verði ófullnægjandi. Ef farið er undir 17 g/l verða brauð yfirleitt ekki bragðgóð (Benedikt Hjartarson, munnleg heimild). Í pítsubotna og flatkökur er mikið notað af salti, en ekkert eða mjög lítið í kökur. Hugsanlega er hægt að eyða beisku bragði með því að nota súrdeig (Benedikt Hjartarson, munnleg heimild).

Oft er miðað við að rýrnun (vatnstap) brauða við bakstur sé 7–13%. Ef brauð eru með miklu rúgmjöli er líklegt að léttинг geti verið um 7%. Oft er reiknað með 10% léttingu fyrir venjuleg brauð.

### Hlutverk salts í brauði

Fyrir utan bragð hefur salt það hlutverk að styrkja glútenið í deiginu og gera því fært að halda í meira af vatni og því koldíoxíði sem gersveppirnir framleiða. Einnig stjórnar salt gerjun með því að halda aftur af gerjunarhraðanum og virka sem rotvarnarefni í brauðinu.

## Saltblöndur

Pær tilraunir sem gerðar hafa verið með KCl í staðinn fyrir NaCl í brauði (öllu matarsalti skipt út) hafa gefið óæskilegt aukabragð. Þrátt fyrir þetta aukabragð hefur brauð með KCl eingöngu komið betur út úr bragðprófunum en brauð sem er útbúið alveg án allra salta. Mun vænlegra fyrir bragðið hefur reynst að skipta aðeins hluta saltsins út, og þá fyrir blöndu af KCl og öðrum söltum. Hér verður þó að fara varlega enda gerir beiska eða málmennta bragðið af KCl fljótt vart við sig. Gerðar hafa verið ítarlegar bragðprófanir á brauðum sem söltuð eru með mismunandi söltum og blöndum af þeim (Salovaara, 1982). Helstu niðurstöður koma fram í töflunni hér að neðan. Hægt er að fara hærra með styrk saltanna ef bætt er við aukefnum eins og amínósýrunni lýsíni við saltblönduna, en þessi amínósýra dempar beiskt bragð.

Salt eða saltblanda	Hæsta hlutfall salts eða saltblöndu af heildar-saltmagni áður en aukabragð finnst
<b>KCl</b>	20%
<b>MgCl<sub>2</sub></b>	10%
<b>MgSO<sub>4</sub></b>	<5%
<b>KCl + MgCl<sub>2</sub></b>	24% + 12%
<b>KCl + MgSO<sub>4</sub></b>	20% + 5%

Heimild: Salovaara, H. 1982. Cereal Chem. 59(5):427-430

Í annarri tilraun þar sem bakað var brauð sem innihélt saltblöndu með 66,6% KCl og 33,3% NaCl fannst öllum þeim sem smökkuðu brauðið það vera í lagi og 31 % fannst það betra en brauð sem innihélt venjulegt salt. 55% fannst hefðbundna brauðið betra og 14% fundu engan mun. Samkvæmt þessu er hægt að fara ansi langt í að skipta út salti án þess að brauð verði bragðvond.

## Áhrif saltblandna á eiginleika deigs og brauðs:

- ✓ Deigið getur orðið „klístrað“ því það bindur vatnið ekki eins vel.
- ✓ Teygjanleiki deigsins minnkar.
- ✓ Brauð geta orðið stærri vegna þess að saltblöndurnar hefta gerið ekki eins vel.
- ✓ Litrur, útlit og bragð brauðsins verður ekki eins aðlaðandi.
- ✓ Áhrifin eru alltaf minni eftir því sem meira af natríum er í blöndunum.

## Kökur

Talsvert natríum er í kexi eða um 250-500 mg / 100g og kökum um 200-300 mg / 100g. Þetta natríum er að hluta til komið úr öðrum efnum en salti, aðallega lyftidufti. Til eru einkaleyfi sem fjalla um natríumfrí lyftiduft. Venjulega eru slík lyftiduft með kalíumkarbónati í stað natríumbíkarbónats (Thompson, 1984).

## 5.2 Kjötvörur

Matarsalt (natríumklóríð) gegnir mikilvægu hlutverki í kjötvörum.

- Það dregur úr vexti örvera og lengir þannig geymsluþol
- Gefur bragð
- Gerir lit stöðugri
- Bætir áferð (texture)
- Bindur vatn

Þegar hugað er að framleiðslu saltskertra kjötvara þarf alltaf að hafa í huga mögulega skerðingu á geymsluþoli og fullnægjandi vatnsheldni. Engu að síður eru ýmsir möguleikar á því að draga úr salti í kjötvörum (Høyem, 1996):

1. Minnka saltið og stjórna því nákvæmlega.
2. Láta önnur sölt (kalíum klóríð er vænlegast) koma að hluta til í stað saltsins.
3. Láta bragðefni, fosfót og önnur bindiefni koma í stað hluta matarsaltsins.
4. Nota forsoltun og lengri hitunartíma fyrir einfalda vinnslu.
5. Nota kjöt af nýslátruðum dýrum.

Afleiðingar þess að minnka salt í unnum kjötvörum geta verið (McAuley, 1994):

- Ýrulausn (emulsion) verður óstöðug
- Aukin suðurýrnun
- Annað bragð
- Safi (juciness) breytist
- Aukin þránun
- Litabreytingar

Víða erlendis hefur kjötiðnaðurinn verið hvattur til að auka framboð á natríumskertum kjötvörum með því að draga úr saltnotkun eða láta önnur sölt leysa natríumklóríð af hólmi að einhverju marki. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er umtalsvert framboð natríumskertra matvæla. Í Bandaríkjum er úrvall saltskertra kjötvara einna mest og byggjast þessar vörur einkum á því að nota kalíumklóríð í stað hluta matarsaltsins.

Viðamiklar rannsóknir hafa farið fram á framleiðslu natríumskertra kjötvara. Því eru til margvíslegar upplýsingar sem hægt er að hagnýta. Í ýmsum tilfellum hefur náðst ágætur árangur með því að draga úr magni matarsalts en auka notkun á fosfótum, kryddum og bragðgjöfum. Þegar þessi leið er farin þarf alltaf að hafa geymsluþol á viðkvæmum vörum í huga. Því hefur athyglinni talsvert verið beint að notkun á ýmsum söltum öðrum en NaCl. Af þessum söltum má einkum nefna kalíumklóríð en það hefur komið best út í prófunum. Kalíumklóríð hefur svipuð áhrif og venjulegt matarsalt á geymsluþol og vatnsheldni. Afur á móti hefur það minna salt bragð en matarsalt og það sem verra er, kalíumklóríð getur gefið beiskt aukabragð. Af þessum sökum kemur ekki til greina að nota hreint kalíumklóríð í matvæli. Hins vegar hefur reynst ágætlega að nota blöndu af því og matarsalti. Reynslan sýnir að kalíumklóríð má ekki vera meira en 30-50% af blöndunni. Stundum eru notuð efni til að koma í veg fyrir að beiskt aukabragð finnist. Kalíumklóríð má ekki fara yfir 1,5% í kjötvörum, annars er hætta á beisku bragði. Ekki dugar alltaf að bæta við sykri og kryddi til að yfirvinna beiska bragðið. Viss krydd, svo sem laukur og hvítlaukur, geta þó komið að gagni.

Vísindamenn hjá Þýsku kjötrannsóknastofnuninni í Kulmbach komust að eftirfarandi niðurstöðum (Wirth, 1991): Mögulegt er að minnka matarsalt verulega í pylsum sem unnar eru úr hituðum hráefnum. Hægt er að sleppa alveg matarsalti í blóð- og lifrapylsur. Hægt er að minnka matarsalt um 40% í frankfurter pylsur en í þessu tilfelli er vatnsbinding takmarkandi þáttur. Matarsaltið í frankfurter-pylsunum var 1,2%. Æskilegt var að auka hlutfall kjöts og mikilvægt var að hitun væri fullnægjandi og síðan góð kæling. Vatnsbinding var einnig takmarkandi í soðnum verkuðum vörum en hægt var að minnka matarsaltið niður í 1,1%. Hins vegar er ekki hægt að minnka matarsalt í þurrpylum um meira en 20-30%. Ekki er ráðlegt að minnka matarsalt í

hráskinku. Salt í hráskinku þarf að vera að lágmarki 4,5% en hins vegar er engin ástæða til að hafa meira en 5-6%.

Niðurstan er sú að hægt er að framleiða natríumskertar kjötvörur með því að draga úr magni matarsalts eða nota saltblöndur með kalíum klóríði. Svo framarlega sem kalíum klóríð fer ekki yfir viss mörk er hægt að framleiða kjötvörur með sömu bragðgæði og hefðbundnar vörur.

Hér fara á eftir nokkur dæmi um framleiðslu á kjötvörum með takmörkuðu matarsalti:

- Morton Light Salt (kalíumklóríð og natríumklóríð í jöfnum hlutföllum) virtist vera nothæft í unnar kjötvörur. Ekki var munur á bragðgæðum eftir því hvort notað var Morton Light salt eða venjulegt matarsalt.
- Kjötvörur saltaðar með blöndu af kalíumklóríði og natríumklóríði fengu sambærilegar einkunnir í skynmati eins og hefðbundnar vörur (Reddy og Marth, 1991).
- Hægt var að nota kalíumklóríð í allt að 50% af jónastyrk natríumklóríðs í vörur úr kjötmarningi (luncheon meat) án þess að skerða gæði (Arganosa og Marriott, 1990). Einnig hefur náðst að minnka magn salts um 33% að meðaltali í sams konar afurðum með því að aðlaga uppskriftir með kryddum og því að draga úr sykurmagni (Anon., 1982).
- Gerjaðar pylsur og þurrverkað svínakjöt: Prófað var að setja kalíumklóríð, kalfíumlaktat eða glýsín að hluta til í stað natríumklóríðs. Bragðgallar komu fram þegar þessi efni voru komin í 40% af upphaflegu magni matarsalts (Gou, 1996).
- Endurmótaðar nautasteikur: Saltblanda sem var 65% natríumklóríð og 35% kalíumklóríð reyndist ágætlega (Wheeler, 1990).
- Precooked, recombined beef chuck roast: Morton Lite Salt (57% kalíum klóríð og 43% natríum klóríð) virtist henta ágætlega. (Johnson, 1989)
- Skinka: Nokkur sölt voru borin saman og kalíumklóríð hentaði best til að koma í stað natríum klóríðs. (Arganosa og Marriott, 1990b)
- Sumar tilraunir hafa skilað ófullnægjandi árangri, til dæmis notkun á magnesíumklóríði í svínakjötsfurðir.
- Lækkun á natríumklóríði virtist auka líkur á tríkínum í svínaafurðum sem fengu ófullnægjandi hitameðferð. Í annarri tilraun kom KCl betur út en NaCl (Terrell, 1982).
- Með því að nota efni sem draga úr beisku bragði KCl var hægt að minnka NaCl í vínarpylsum úr 2,5% í 1,2% (Reddy og Marth, 1991).
- Saltinnihald kjötvöru var lækkað úr 2% í 1%. Við það varð vatnsbinding ófullnægjandi en með því að bæta í vöruna fjölfosfati (0,36%) tókst að leysa vandamálið (Reddy og Marth, 1991).
- Bologna-pylsa: 1,25% natríumklóríð og 1,57% kalíumklóríð. Afurðin var stöðug en beiskt bragð kom fram. (Bravieri, 1983).
- Vínarpylsur: Hægt var að setja kalíumklóríð í staðinn fyrir 35% af natríumklóríði án þess að það kæmi niður á bragði eða stöðugleika. Með því að bæta við fosfati virtist vera hægt að auka hlut kalíumklóríðs upp í 50%. Fosfatið virtist einnig stuðla að auknum bragðgæðum, líklega með því að binda kalíumjónir sem valda beisku bragði, eða með því að draga úr saltþörf sem þarf til að varðveita stöðugleika afurðarinnar. (Bravieri, 1983).

- Þurrsöltuð skinka: Styttír söltunartími nægði til að fá saltminni afurð. (Coutron, 1999).

### 5.3 Ostar

Miklar rannsóknir hafa verið gerðar í þeim tilgangi að draga úr natríum í ostum. Greinar um nokkrar rannsóknir má finna í viðauka II. Sem dæmi má nefna góðan árangur sem náðist þegar Morton Light salt var notað í Cheddar ost (Bravieri, 1983). Ekki komu fram áhrif á áferð eða bragðgæði.

### 5.4 Snakk

Rétt kornastærð er nauðsynleg vegna þess að lítil saltkorn leysast hraðar upp en stór og gefa því meira bragð á skemmri tíma. Morton Light Salt hefur verið notað í saltaðar snakkvörur og saltkex með góðum árangri. Bragðgæði voru fullnægjandi (Bravieri, 1983).

### 5.5 Aðrar matvörur

Blanda af kalíumklóríði og natríumklóríði var notuð við framleiðslu á majonesi. Stöðugleiki afurðarinnar varð ófullnægjandi en með endurbættri notkun á bindiefnum tókst að framleiða fullnægjandi vöru. Ekki var hægt að greina bragðmun á þessari vöru og hefðbundinni vöru með natríumklóríði. Þetta er lýsandi dæmi um að góð vöruþróun getur skipt sköpum þegar framleiða á til natríumskerta matvæli. Ekki er alltaf nóg að skipta um salt.

Við tilraunir með heitreyktan fisk kom í ljós að eiturmyndun í *C. botulinum* typu E var svipuð hvort sem notað var kalíumklóríð eða natríumklóríð (Reddy og Marth, 1991).

Unnið ger (ZYEST) hefur verið notað til að draga úr beisku bragði af kalíumklóríði í ýmsum matvælum og módelblöndum (Bravieri, 1983).

## 6. Framleiðsluprófanir á natriúmskertum matvælum

### 6.1 Könnun á leysanleika ýmissa salta og fjölfosfats

Par sem vitað er að fjölfosföt mynda flóka með tvígildum jónum eins og  $\text{Ca}^{++}$  og  $\text{Mg}^{++}$  og fosföt eru talsvert notuð í kjötiðnaði, þá þótti okkur vissara að kanna hvernig þessi efni hegða sér þegar þau eru saman komin í lausn. Því voru eftirfarandi tilraunir gerðar:

#### **1 - Saltblöndur + STPP (sodium tripolyphosphate)**

Miðað er við dæmigerða pylsuuppskrift þar sem bætt er við 25% vatni og lokaafurð inniheldur 1,8% salt og 0,5% fosfat (hámark skv. reglugerð). 100 mL af íblöndunarvatni mundu því innihalda fjórfalt það magn af íblöndunarefnum sem bætt er í vöruna, ef þau eru ekki notuð þurr.

Prófuð lausn: 2,0g fosfat (STPP) og 7,2g saltblanda í 90,8g vatns.

Saltblöndur: Eðalsalt (41%  $\text{NaCl}$ , 41%  $\text{KCl}$ , 14%  $\text{MgCl}_2 \cdot 6\text{H}_2\text{O}$ , 3%  $\text{MgSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$ )  
Pansalt (57%  $\text{NaCl}$ , 28%  $\text{KCl}$ , 12%  $\text{MgSO}_4$ )

Eðalsaltið leystist aldrei alveg upp, en Pansaltið gerði það á um 10 mínútum en lausnin var ekki alveg tær (frekar gráleit) og síðan fór að falla út í henni. Talsvert magn af botnfalli var í **báðum** lausnum eftir 2 klukkustundir þrátt fyrir að lausnir hefðu bæði verið hristar og hitaðar í 45°C.

#### **2 - Hrein sölt + STPP**

Þrófað var að búa til þrjár 7% lausnir:  $\text{KCl}$ ,  $\text{MgCl}_2$  og  $\text{CaCl}_2$  og bæta út í þær sem nemur 2% STPP. Fosfatið leystist vel upp í  $\text{KCl}$ , sem og í hreinu vatni, en ekki leystist það í  $\text{CaCl}_2$  lausninni. Í  $\text{MgCl}_2$  lausninni myndaðist lint, klístrað botnfall.

Einnig var þrófað að búa til 14%  $\text{MgCl}_2$  lausn og 4% STPP lausn og blanda þeim saman í jöfnum hlutföllum. Þetta var gert til að þrófa hvort það myndaðist í raun botnfall eða hvort söltin væru treg til að leysast upp saman. Þegar lausnirnar blönduðust myndaðist strax hvít ský og síðar klístrað botnfall.

Vegna þess að leysni salta getur verið sýrustigsháð, var þrófað að mæla pH í lausn blöndunnar.  $\text{MgCl}_2 + \text{STPP}$  lausnin reyndist hafa pH um 5,5. Ekki er ástæða til að breyta því sýrustigi mikið í þeirri von að söltin leysist betur. Þó væri áhugavert að kanna þetta frekar.

#### **Túlkun**

Hér kemur í ljós að sölt sem innihalda mikið magn af magnesíum eða kalsíum leysast illa með fosfati. Því þykir okkur æskilegt að þegar nota skal fosfat með saltblöndum þá verði valin saltblanda sem inniheldur sem minnst af þessum efnum. Dæmi um slíkar blöndur eru Lite Salt frá Morton Salt og hið finnska BioSal.

#### **Athugasemd**

Þó þetta sé svipaður styrkur og má gera ráð fyrir að notaður sé í pylsugerð þar sem þurrefni eru leyst upp í vatnsfasa, þá er hugsanlegt að önnur niðurstöða fengist ef þurrefnum væri blandað út í farsið og síðan hrært. Sjá niðurstöðu prófunar í kafla 6.3.

## 6.2 Framleiðsluprófanir á saltskertum brauðvörum

Fjórum framleiðsluprófunum er lýst í töflum hér að neðan. Saltskerðing er reiknuð fyrir natrúumklóríð en samkvæmt reglugerð þarf skerðingin að vera minnst 25% til þess að um saltskerta vöru geti verið að ræða. Þá er viðmiðunin hefðbundið magn matarsalts í sams konar eða sambærilegri vöru.

Niðurstöðurnar benda til þess að framleiðsla á saltskertum brauðum sé vænleg. Engir bragðgallar fundust þegar Pan-salt var prófað en slíkir gallar komu fram í vissum tilfellum fyrir Eðalsalt. Í öllum tilfellum voru saltblöndur notaðar alfarið í stað matarsalts. Hafa þarf í huga að Pan-salt inniheldur amínósýruna lýsín en hún dregur úr beisku bragði. Því þurfa framleiðendur að sækja um leyfi til notkunar á Pan-salti til Hollstuverndar. Meiri saltskerðing fæst með notkun á Eðalsalti en Pan-salti og því er vel mögulegt að blanda saman Eðalsalti og matarsalti við framleiðslu á brauðum. Athugandi er að framleiða saltskert brauð með Eðalsalti og matarsalti til helminga.

Athyglisvert er að 17% saltskerðing með því einu að draga úr magni matarsalts við framleiðslu á brauði gaf jákvæðar niðurstöður. Sjá töflu fyrir framleiðsluprófun 3. Þetta er í samræmi við niðurstöðu frá Nýja-Sjállandi, en þar tókst að draga úr notkun salts við brauðgerð um fimmtung án þess að neytendur findu nokkurn bragðmun (BBC Health News, apríl 1999). Þessi leið ætti í sumum tilfellum að vera fær til að framleiða saltskertar matvörur.

### Framleiðsluprófun 1.

Afurð	Heilhveitibrauð
Tími	Maí 1999
Framleiðandi	Sveinsbakarí
Salt notað	Pan-salt: 30 g á líta af vökva (sama magn og notað er af matarsalti við hefðbundna framleiðslu)
Uppskrift	Hefðbundin brauðuppskrift, nema Pan-salt í stað matarsalts.
Frávik frá hefðb. uppskrift	Pan-salt kom alfarið í stað matarsalts. (Athugið að sækja þarf um leyfi fyrir notkun Pan-salts).
Lýsing á vinnslu	Öll vinnsla brauðs nákvæmlega samkvæmt hefðbundnum aðferðum. Eingöngu breytt um salttegund.
Árangur: Útlit	Brauðið var hvorki frábrugðið hefðbundnu brauði að ytra né innra útliti.
Árangur: Bragð	Pótti bragðast eins og brauð sem framleitt er með venjulegu matarsalti. Sumum pótti það jafnvel betra.
Niðurstöður	Pan-salt er 57% NaCl og þar sem það kemur alfarið í stað matarsalts hefur tekist að lækka saltinnihald brauðsins um 43% miðað við hefðbundið brauð. Lækkunin er því mun meiri en sí 25% lækkun sem þarf fyrir saltskertar afurðir. Hér hefur því tekist að framleiða saltskert brauð af fullnægjandi gæðum.

**Framleiðsluprófun 2.**

<b>Afurð</b>	<b>Heilhveitibrauð</b>
<b>Tími</b>	Október 1999
<b>Framleiðandi</b>	Sveinsbakarí
<b>Salt notað</b>	Eðalsalt (30 g eðalsalt pr. líter af vökva)
<b>Uppskrift</b>	Hefðbundin uppskrift, nema eðalsalt kom í stað matarsalts.
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	Eðalsalt kom alfarið í stað matarsalts.
<b>Árangur: Útlit</b>	Útlit eðlilegt. Metið af starfsmönnum Sveinsbakarís og Matra.
<b>Árangur: Bragð</b>	Einn starfsmaður Sveinsbakarís og 9 starfsmenn Matra athuguðu bragðgæði. Sex einstaklingar fundu mun á brauði með Eðalsalti og brauði með minna af venjulegu salti (framleiðsluprófun 3) og fannst þeim brauðið með venjulegu salti betra. Einn af þeim sagði brauðið með Eðalsaltinu vera bragðvont, hinir voru mun mildari í afstöðu sinni. Fjórir starfsmenn fundu engan mun og þar af höfðu tveir á orði að brauðið væri gott. Á meðal lýsinga sem þóttu einkenna brauðið sem innihélt Eðalsalt voru „kornbragð” og „hveitibragð”. Talið var að vegna þess að brauðið er heilhveitibrauð hefði klíðið dempandi áhrif á bragðið til hins betra (virkar sem krydd). Ef við hefðum framleitt franskbrauð hefðu bragðgæðin orðið lakari.
<b>Niðurstöður</b>	Eðalsalt er 41% NaCl og þar sem það kemur alfarið í stað matarsalts hefur tekist að lækka saltinnihald brauðsins um 59% miðað við hefðbundið brauð. Brauðið telst vera saltskert.

**Framleiðsluprófun 3.**

<b>Afurð</b>	<b>Heilhveitibrauð</b>
<b>Tími</b>	Október 1999
<b>Framleiðandi</b>	Sveinsbakarí
<b>Salt notað</b>	Matarsalt
<b>Uppskrift</b>	Hefðbundin uppskrift, nema dregið úr magni matarsalts.
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	Notuð 25 g matarsalts pr. líter af vökva í stað 30 g/L
<b>Árangur: Útlit</b>	Brauðið lyfti sér meira en brauð sem bakað er með 30 g/L af matarsalti eða Eðalsalti. Þetta er eðlilegt, því saltið hefur m.a. það hlutverk að hemja gersveppina í brauðinu. Að öðru leyti leit brauðið eðlilega út.
<b>Árangur: Bragð</b>	Eðlilegt miðað við brauð sem bakað er með aðeins minna salti en venjulegt þykir. Aðeins einn einstaklingur gat greint á bragðinu að minna salt var í brauðinu en venja er.
<b>Niðurstöður</b>	Um er að ræða 17% lækkan á saltinnihaldi og varan getur því ekki talist saltskert. Hins vegar bendir þetta til að í sumum tilfellum sé hægt að framleiða saltskert brauð með því einu að draga úr matarsalteinu.

#### Framleiðsluprófun 4.

<b>Afurð</b>	<b>Rúnstykki</b>
<b>Tími</b>	Maí 1999
<b>Framleiðandi</b>	Sveinsbakarí
<b>Salt notað</b>	Pan-salt
<b>Uppskrift</b>	Hefðbundin
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	Pan-salt kom alfarið í stað matarsalts
<b>Árangur: Útlit</b>	Útlit eðlilegt. Metið af starfsmönnum bakarís og Matra.
<b>Árangur: Bragð</b>	Bragð eðlilegt. Metið af starfsmönnum bakarís og Matra.
<b>Niðurstöður</b>	Saltskerðing er 43% og rúnstykkin geta því talist saltskert.

#### 6.3 Framleiðsluprófanir á natriúumskertum kjötvörum

Í næstu töflum eru upplýsingar um framleiðsluprófanir á saltskertum vínarpylsum og brauðskinku. Framleiðsla á natriúumskertum kjötvörum er erfiðari en á natriúumskertum brauðvörum þar sem geymslupol og vatnsbinding getur breyst. Framleiðsla á natriúumskertri brauðskinku tókst aðeins með Biosal-saltblöndu. Líklegt er að magnesíumsölt í Pan-saltblöndunni og Eðalsaltinu hafi truflað fyrstu framleiðsluprófanirnar. Notkun þessara saltblandna í farsvöru reyndist hins vegar auðveldari og fengust fullnægjandi natriúumskertar vínarpylsur bæði með Pan-salti og Eðalsalti.

#### Framleiðsluprófun 5.

<b>Afurð</b>	<b>Brauðskinka</b>
<b>Tími</b>	Maí 1999
<b>Framleiðandi</b>	Kjötumboðið og Matra
<b>Salt notað</b>	Pan-salt. Hjá Matra var nítíti blandað saman við PanSaltið þannig að það varð 0,6 % natriúum nítrít.
<b>Fosfat notað</b>	Ekkert fosfat.
<b>Uppskrift</b>	Trúnararmál
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	Pan-salt kom alfarið í stað matarsalts með 0,6% nítríti. Fosfat var ekki notað en hlutfall annarra bindiefna aukið.
<b>Lýsing á vinnslu</b>	Trúnararmál
<b>Árangur: Útlit</b>	Ófullnægjandi. Vatn lak úr afurðinni og hún var verulega sundurlaus. Ekki náðist að sneiða heilar sneiðar.
<b>Árangur: Bragð</b>	Bragð eðlilegt. Metið af starfsmönnum kjötvinnslu og Matra.
<b>Niðurstaða</b>	Afurðin var ófullnægjandi.

### Framleiðsluprófun 6.

<b>Afurð</b>	<b>Brauðskinka</b>
<b>Tími</b>	Nóvember 1999
<b>Framleiðandi</b>	Kjötumboðið
<b>Salt notað</b>	Pan-nítrítsalt (blandað af framleiðanda), 0,6% natrium nítrít
<b>Fosfat notað</b>	Kalíum fjölfosfat frá Valdimari Gíslasyni (Hamine-809)
<b>Uppskrift</b>	Trúnaðarmál
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	Pan-salt kom alfarið í stað annara salta. Kalíum fosfat kom í stað fosfats.
<b>Lýsing á vinnslu</b>	Fosfat og öll íblöndunarefni utan salts voru leyst upp í hluta af vatninu og því blandað við ís og kjöt í tombler og látið snúast í u.p.b. 5 mínútur. Pan-salt var leyst upp sér og því bætt í þegar kjötið og fosfatið var búið að blandast vel. Tombler láttinn ganga yfir nótta. Síðan stoppað í garnir og soðið.
<b>Árangur: Útlit</b>	Skinkan leit út eins og hefðbundin skinka, nema hún virtist ekki halda eins vel í vatnið (það lak meira af henni).
<b>Árangur: Bragð</b>	Metið af starfsmönnum Matra. Minna saltbragð var af Pan-skinkunni heldur en hefðbundinni skinku frá Goða auk þess sem hún þótti hafa búðingslega áferð. Hana vantaði skurðfestu og teygjanleika. Enginn fann vont bragð eða aukabragð.
<b>Niðurstöður</b>	Ófullnægjandi

### Framleiðsluprófun 7.

<b>Afurð</b>	<b>Brauðskinka</b>
<b>Tími</b>	Desember 1999
<b>Framleiðandi</b>	Kjötumboðið
<b>Salt notað</b>	BioSal blandað með natrium nítríti (0,6%) á Matra. Þetta salt er frá Finnlandi og inniheldur nær ekkert magnesíum.
<b>Fosfat notað</b>	Kalíum polyfosfat frá Valdimari Gíslasyni (Hamine-809)
<b>Uppskrift</b>	Frá Kjötumboðinu
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	BioSal kom alfarið í stað matarsalts og nítrítsalts. Kalíum fjölfosfat kom í stað annarra fosfata.
<b>Lýsing á vinnslu</b>	Samkvæmt hefðbundinni aðferð Kjötumboðsins.
<b>Árangur: Útlit</b>	Leit alveg eins út og hefðbundin skinska.
<b>Árangur: Áferð</b>	Eðlileg. Sumum þótti hún aðeins mykri en venjuleg skinka frá Kjötumboðinu.
<b>Árangur: Bragð</b>	Eðlilegt. Sumum fannst þessi skinka aðeins saltari en sú hefðbundna, en öðrum fannst hún saltminni. Tveir af sjö fundu vægt aukabragð og einn salt eftirbragð.
<b>Niðurstöður</b>	Fullnægjandi afurð. BioSal-saltblandan inniheldur 66% natrium klóríð og því er saltskerðing 34% miðað við hefðbundna vöru. Hér er því um að ræða fullnægjandi saltskerta brauðskinku.

**Framleiðsluprófun 8.**

<b>Afurð</b>	<b>Vínarpylsur</b>
<b>Tími</b>	Nóvember 1999
<b>Framleiðandi</b>	Kjötumboðið og Matra
<b>Salt notað</b>	Pan-salt með 0,6% natrium nítríti, blandað af framleiðanda.
<b>Fosfat notað</b>	Kalíum fjölfosfat frá Valdimari Gíslasyni (Hamine-809)
<b>Uppskrift</b>	Trúnaðarmál
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	Pan-nítritsalt kom í stað alls annars salts. Kalíum fjölfosfat í stað hefðbundins fosfats.
<b>Lýsing á vinnslu</b>	Hefðbundin, nema fosfati bætt útí á undan saltinu og látið ganga ca. 10 hringi áður en salti bætt útí.
<b>Árangur: Útlit</b>	Pylsurnar voru grófari í últiti en hefðbundnar pylsur frá Kjötumboðinu, en það má líklega rekja til farsvélarinnar sem notuð var. Hún var gömul og líklega voru hnífarnir í henni slitnir. Að öðru leyti eðlilegt.
<b>Árangur: Bragð</b>	Ekki fannst aukabragð og ekki slæmt bragð. Fáir fundu mun á pylsum með Pan-salti og pylsum með Eðalsalti, en þeir sem fundu mun sögðu að Pan-pylsurnar væru betri. Þær höfðu meiri bindingu.
<b>Niðurstöður</b>	Fullnægjandi saltskertar vínarpylsur. Saltskerðing var 43%.

**Framleiðsluprófun 9.**

<b>Afurð</b>	<b>Vínarpylsur</b>
<b>Tími</b>	Nóvember 1999
<b>Framleiðandi</b>	Kjötumboðið
<b>Salt notað</b>	Eðalsalt með 0,6% natrium nítríti, blandað á Matra.
<b>Fosfat notað</b>	Kalíum fjölfosfat frá Valdimari Gíslasyni (Hamine-809)
<b>Uppskrift</b>	Trúnaðarmál
<b>Frávik frá hefðb. uppskrift</b>	Eðal-nítritsalt kom í stað annars salts. Kalíum fjölfosfat kom í stað hefðbundins fosfats.
<b>Lýsing á vinnslu</b>	Hefðbundin, nema fosfati bætt útí á undan saltinu og látið ganga ca. 10 hringi áður en salti bætt útí.
<b>Árangur: Útlit</b>	Pylsurnar voru grófari í últiti en hefðbundnar pylsur frá Kjötumboðinu, en það má líklega rekja til farsvélarinnar sem notuð var. Hún var gömul og líklega voru hnífarnir í henni slitnir. Að öðru leyti eðlilegt.
<b>Árangur: Bragð</b>	Ekki fannst aukabragð og ekki slæmt bragð. Fáir fundu mun á pylsum með PanSalti og pylsum með Eðalsalti, en þeir sem fundu mun þóttu Pan-pylsurnar betri. Þær höfðu meiri bindingu.
<b>Niðurstöður</b>	Fullnægjandi saltskertar vínarpylsur. Saltskerðing var 59%.

## 6.4 Mæliniðurstöður fyrir kjötvörur úr framleiðsluprófunum

Gerðar voru mælingar á natríum, kalíum og fosfór í saltskertum vínarpylsum og skinku og eru niðurstöðurnar í töflu hér að neðan. Til samanburðar eru vörur framleiddar með venjulegri uppskrift. Saltskertu vörurnar uppfylla kröfur í reglugerð um slíkar vörur. Um 46% lækkun á matarsalti náðist í saltskertri brauðskinku miðað við hefðbundna vöru. Fyrir vínarpylsur var lækkunin um 31%.

Hámarksgildi fyrir fosfat í kjötvörum er 0,5 g fosfat ( $P_2O_5$ ) í 100 grómmum af vöru. Samkvæmt útreikningum á viðbættu fosfati er þessi leið til bindingar fullnýtt í sýnum. Því verður að leita annarra leiða til að auka bindingu. Nokkur skekkja getur verið í útreikningunum en áreiðanlegri niðurstöðu mætti fá með því að mæla fosfór í hráefnum.

**Tafla 6.1.** Matarsalt, natríum og fosfór í skinku og vínarpylsum.

Sýni	Matarsalt <i>NaCl</i> (g/100g)	Natríum <i>Na</i> (g/100g)	Fosfór <i>P</i> (g/100g)	Áætlaður fosfór í hráefnum (g/100g)	Áætlað viðbætt fosfat $P_2O_5$ (g/100g)
<b>Brauðskinka</b>					
saltskert (Pan-salt)	1,4	0,56	0,25	0,13	0,5
venjuleg	2,6	1,01	0,27	0,13	0,6
<b>Vínarpylsur</b>					
saltskertar (Pan-salt)	1,8	0,70	0,23	0,08	0,7
venjulegar	2,6	1,04	0,22	0,08	0,6

## 7. Saltinnihald matvæla

Gerð var könnun á saltinnihaldi í algengum matvælum á markaði til til að meta þörfina fyrir saltskert matvæli. Mælingar voru gerðar á 27 sýnum og fór sýnatakan fram í maí og október 1999. Einungis var mögulegt að gera mælingar á fáum sýnum og ber því að líta á niðurstöðurnar sem könnun á magni efnanna í fáeinum sýnum. Mælingarnar voru gerðar hjá Efnagreiningum Keldnaholti með argonplasmatæki (ICP). Fyrir mælingu voru 0,2-0,5 g af sýni leyst upp í saltpéturssýru með hitun í um 36 klst.

Niðurstöður mælinga á natrium, kalíum og fosför koma fram í töflu 7.1. Matarsalt var reiknað með því að margfalda natrium með 2,54. Helstu atriði sem vekja athygli eru:

- Stór hluti af kryddi getur verið matarsalt. Algengt alhliða krydd innihélt 60% matarsalt. Grillkrydd A og B eru notuð við framleiðslu á grillkjöti og innihéldu 28 og 37% matarsalt. Tvö sýni af grillkjöti sem voru á markaði í október 1999 innihéldu 1,3 og 1,5% matarsalt.
- Tvö sýni voru af saltskertum matvörum: Létsaltaðar kartöfluflögur og saltskert heilhveitbrauð frá Grímsbæ. Báðar þessar vörur innihalda aðeins um helming af því natrium sem er í hliðstæðum hefðbundnum vörum. Þær gera því meira en að uppfylla ákvæði reglugerðar um 25% skerðingu natriums til að kallast saltskertar. Kalíum er hátt í saltskertu vörunum og má því ætla að kalíum klóríð sé notað við framleiðsluna.
- Öll sýni af brauðvörum, nema tvö, innihalda svipað magn af matarsalti (að meðaltali 1,5%). Eitt sýni af hvítlauksbrauði inniheldur aðeins 0,4% matarsalt.
- Ekki virðist vera eins mikið matarsalt í tilbúnum réttum eins og unnum kjötvörum enda er stór hluti réttanna meðlæti sem ekki er mikið saltað.

Seinasta úttekt á matarsalti í íslenskum matvælum var gerð haustið 1996 (Ólafur Reykdal, 1998). Hægt er að bera saman niðurstöður fyrir brauðvörur, unnar kjötvörur, ost og snakk við þær niðurstöður sem nú fengust. Í þessum tilfellum eru niðurstöðurnar mjög líkar.

Í Íslenska gagnagrunninum um efnainnihald matvæla eru skráðar upplýsingar um saltinnihald (natrium). Bestar upplýsingar eru til fyrir kjötvörur en úttektir á saltinnihaldi þeirra hafa verið gerðar 1996, 1990 og 1983. Þessar úttektir benda til að meðalsaltinnihaldið hafi lítið breyst en talsverður munur kemur fram eftir fyrtækjum og landshlutum. Upplýsingar fyrir aðra flokka matvæla eru takmarkaðri og erfitt er að átta sig á því hversu breytilegt saltinnihaldið er. Margir neytendur hafa látið í ljós þá skoðun að algeng matvæli séu of sölt. Þegar boríð er samið við erlend gildi kemur í ljós að fyrir vissar vörur eru íslensku gildin fyrir salt hærri en þau erlendu.

**Tafla 7.1.** Niðurstöður mælinga á natríum, kalíum og fosfór.

Sýni	Fjöldi sýna	Salt NaCl g/100g	Natríum Na g/100g	Kalíum K g/100g	Na/K	Fosfór P g/100g
<b>Brauðvörur</b>						
Fjölkornabrauð	1	1,8	0,72	0,25	2,9	
Franskbrauð	1	1,7	0,68	0,15	4,4	
Heilhveitibrauð	1	1,3	0,51	0,15	3,5	0,12
Heilhveitibrauð, saltskert	1	0,6	0,25	0,45	0,6	0,15
Heimilisbrauð	1	1,7	0,66	0,16	4,0	
Hvítlauksbrauð A	1	0,4	0,17	0,15	1,1	0,12
Hvítlauksbrauð B	1	1,6	0,63	0,13	4,7	0,14
Kjallarabollur	1	1,3	0,53	0,21	2,6	0,19
Samlokubrauð, gróft	1	1,4	0,57	0,17	3,4	0,15
<b>Kjötvörur</b>						
Brauðskinka	2	2,8	1,11	0,49	2,3	0,28
Lambagrillkjöt A	1	1,5	0,58	0,11	5,2	0,06
Lambagrillkjöt B	1	1,3	0,52	0,29	1,8	0,18
Vínarpylsur	2	2,7	1,05	0,21	5,0	0,26
<b>Tilbúnir réttir</b>						
Ekta kjötbollur í beikonsósu	1	1,1	0,43	0,17	2,6	0,08
Ekta spaghetti Bolognese	1	1,2	0,46	0,18	2,6	0,08
1944 kjöt í karrí	1	0,7	0,26	0,14	1,8	0,08
Vorrúllur með kjúklingafyllingu	1	1,7	0,68	0,49	1,4	0,32
Ýsurúllur með ostafyllingu	1	1,5	0,60	0,27	2,2	0,36
<b>Krydd</b>						
Grillkrydd A	1	37,0	14,56	1,11	13,2	0,38
Grillkrydd B	1	28,3	11,15	1,03	10,8	0,23
Krydd, Spicy Season All	1	60,1	23,65	0,83	28,7	
<b>Mjólkurvörur</b>						
Gouda ostur	1	2,2	0,85	0,09	9,2	
Smjör	1	1,5	0,60	0,03	18,8	
<b>Snakk</b>						
Kartöflunasl, flögur, létsaltað	1	1,8	0,70	1,57	0,4	
Kartöflunasl, paprikuskrúfur	1	4,1	1,60	0,67	2,4	
Poppkorn	1	(0,9) <sup>1</sup>	(0,37)	0,29	(1,3)	
<b>Drykkir</b>						
Sódavatn	1	0,2	0,08	e.m. <sup>2</sup>		

- 1) Matarsalt í poppkorni er vanmetið þar sem reikna má með að salt hafi tapast við sýnaundirbúning.  
 2) E.m. Ekki mælanlegt.

## 8. Aðferðir við saltmælingar

Við gæðaeftirlit í matvælaiðnaði getur verið mikilvægt að fylgjast með saltinnihaldi framleiðslunnar. Í þessum tilgangi er farið að nota ýmis hraðpróf og hafa Quantab strimlar verið notaðir með góðum árangri í ostaframleiðslu.

Quantab strimlarnir voru prófaðir á nokkrum mismunandi sýnum og niðurstöðurnar bornar saman við gildi frá Efnagreiningum Keldnaholti (mæling með argonplasmatæki). Niðurstöður koma fram í töflunni hér að neðan. Aðferðunum ber ágætlega saman fyrir brauð, ost og smjör. Sýnin voru hrærð út í vatni og mælingar gerðar á síuvökva.

**Tafla 8.1.** Samanburður á tveimur aðferðum við saltmælingu

Sýni	Mælingar hjá Efnagreiningum Keldnaholti <i>NaCl (g/100g)</i>	Quantab strimlar <i>NaCl (g/100g)</i>
Fjölkornabrauð	1,8	1,7
Franskbrauð	1,7	1,6
Heimilisbrauð	1,7	1,6
Krydd, Spicy Season All	60,1	51
Gouda ostur	2,2	1,8
Smjör	1,5	1,4
Kartöflunasl, flögur, léttaltað	1,8	1,3
Kartöflunasl, paprikuskrúfur	4,1	(3,2)
Poppkorn	(0,9)	1,7
Sódavatn	0,2	0

## 9. Samantekt og ráðleggingar

### Helstu niðurstöður

#### 1. Salt í matvælum og heilsa

Mælingar á matarsalti (natrium klóríði) í matvælum sýna að meira salt er oft notað en nauðsynlegt er fyrir eiginleika og geymslupol matvælanna. Algengar neysluvörur sem innihalda talsvert matarsalt eru unnar kjötvörur, ostar, brauð og tilbúnir réttir. Margvíslegt snakk er með söltustu matvörum. Það er natriumhluti matarsaltsins sem skiptir máli fyrir heilsu fólks. Mikil neysla natriums getur átt þátt í að auka háþrysting og auka þar með líkur á hjarta- og æðasjúkdómum. Því er hægt að bæta heilsufar þjóðarinna með því að draga úr salti í matvælum.

#### 2. Hlutverk salts í matvælum

